

Skráning síðustu ökutækja gerðar (e. *end-of-series vehicles*)

Þessar verklagsreglur eru settar fram fyrir framleiðendur eða fulltrúa þeirra (e. manufacturer's representative) eins og fjallað er um í gildandi Evrópugerðum er lúta að skráningu síðustu ökutækja gerðar, sem eiga ný ökutæki sem eru hluti af birgðum (e. part of a stock), sem ekki hafa verið nýskráð áður en nýjar körfur til ökutækja taka gildi og geta því sótt um undanþágu fyrir skráningu síðustu ökutækja gerðar (e. end-of-series vehicles).

Til er undanþáguákvæði í reglugerðum fyrir þessi ökutæki sem ekki uppfylla nýjar kröfur, sem heimila skráningu og sölu á þeim á Íslandi séu þau með evrópska heildargerðarviðurkenningu. Þetta undanþáguákvæði felur í sér bæði takmörkun á fjölda ökutækja og tímalengd.

Undanþága fyrir skráningu síðustu gerðar ökutækja er veitt á grundvelli þess að framleiðendur eða fulltrúar þeirra, lenda í efnahagslegum eða tæknilegum erfiðleikum með að uppfylla komandi kröfur ökutækjanna og hafi því lengri tíma til að selja birgðir sem gerðar eru samkvæmt fyrri kröfum.

Samgöngustofa sem skráningaryfirvald veitir aðeins undanþágu til skráningu síðustu ökutækja gerðar þegar skrá á ökutæki á Íslandi. Afgreiðslufrestur umsókna um skráningu síðustu ökutækja gerðar getur verið allt að þrjú mánuðir sbr. gildandi Evrópugerðir er lúta að þessu. Samgöngustofa ákveður innan þess tímaramma hvort og hversu mörg slík ökutæki verða heimiluð til skráninga á Íslandi.

Bakgrunnur

Í 3 gr., liðar 03.01 (4) reglugerðar um gerð og búnað nr. 822/2004, er fjallað um að skráningu síðustu ökutæki gerðar:

„Þegar nýjar reglur taka gildi hjá Evrópusambandinu getur Samgöngustofa, að fenginni umsókn, ef þörf krefur og það gengur ekki gegn markmiðum reglugerðar þessarar varðandi umhverfis- og umferðaröryggissjónarmið, veitt leyfi til að skrá síðustu ökutæki gerðar í samræmi við 10% reglu B-hluta viðauka XII tilskipunar 2007/46/EB. Ákvæði þetta gildir eingöngu um bifreiðar og eftirvagna.“

Sambærilegt ákvæði er að finna í reglugerð 167/2013/EB um viðurkenningu á og markaðseftirlit með ökutækjum fyrir landbúnað eða skógrækt, og reglugerð 168/2013/EB um viðurkenningu á og markaðseftirlit með vélknúnum ökutækjum á tveimur eða þremur hjólum og fjórhjólum, og hafa báðar þessar reglugerðir verið innleiddar í íslenskt regluverk með tilvísun.

Svona er sótt um

Framleiðandi eða fulltrúi hans getur sótt um undanþáguskráningu á síðustu ökutækjum gerðar. Umsóknina skal senda rafrænt á netfangið okutaeki@samgongustofa.is og skal innihalda eftirfarandi:

- Heiti framleiðanda og gerðarheiti (e. *make and type*) ökutækis/ökutækja sem um ræðir
- Heildarfjöldi ökutækja sem um ræðir ásamt verksmiðjunúmerum þeirra
- Evrópskt heildargerðarviðurkenningarnúmer (e. type approval number)
- Afrit af evrópsku samræmingarvottorði ökutækis (e. EC-CoC)

- Tilvísun í þær kröfur og reglugerðir sem ökutækið uppfyllir ekki, og skilgreinir ökutækið sem síðasta ökutæki gerðar
- Yfirlit yfir þau ökutæki sömu gerðar frá sama framleiðanda (e. *make and type*) sem hlotið hafa skráningu sl. 12 mánuði eða á síðasta almanaksári.

Tímarammi

Ef ökutækið er framleitt fullgert (e. *complete vehicle*) er undanþágan takmörkuð við 12 mánaða tímabil. Þetta þýðir það, ef umsókn um skráningu ökutækis síðustu gerðar er heimiluð, skal nýskráning þess fara fram innan 12 mánaða frá því að nýjar reglur taka gildi. Ökutæki sem framleidd eru af fleiri en einum framleiðanda og eru samþykkt þannig (e. *multi-stage approval vehicle/completed vehicles*) skulu skráð innan 18 mánaða frá því að nýjar reglur taka gildi. Þessi tímamörk koma fram í evrópskum reglum og tilskipunum um gerðarviðurkenningar ökutækja.

Takmörkun á fjölda – fólksbílar, bifhjól og dráttarvélur

Fyrir fólksbifreiðar og ökutæki á tveimur eða þremur hjólum, má fjöldi síðustu ökutækja gerðar ekki vera fleiri en 10% af fjölda þeirra ökutækja sömu gerðar sem fengið hafa nýskráningu sl. 12 mánuði eða á síðasta almanaksári, allt að 100 ökutæki, hvort sem hærra er.

Takmörkun á fjölda – hópbifreiðar, vörubifreiðar og eftirvagnar

Fyrir önnur ökutæki þá má fjöldi síðustu ökutækja gerðar ekki vera fleiri en 30% af fjölda þeirra ökutækja sömu gerðar sem fengið hafa nýskráningu sl. 12 mánuði eða á síðasta almanaksári, allt að 100 ökutæki, hvort sem hærra er.

Yfirlit

Ökutækjaflokkur	Tímarammi	Fjöldi ökutækja síðustu gerðar
Fólksbifreið (M1), framleitt fullgert á einum stað (e. <i>complete vehicle</i>)	12 mánuðir	Annað hvort 10% af fjölda þeirra ökutækja sömu gerðar sem fengið hafa nýskráningu sl. 12 mánuði eða á síðasta almanaksári, allt að 100 ökutæki, hvort sem hærra er.
Fólksbifreið (M1), framleitt á fleiri en einum stað (e. <i>completed vehicle/multi-stage approval</i>)	18 mánuðir	
Hópbifreið (M2/M3), vörubifreið (N2/N3) og eftirvagn (O2/O3/O4), framleitt fullgert á einum stað (e. <i>complete vehicle</i>)	12 mánuðir	Annað hvort 30% af fjölda þeirra ökutækja sömu gerðar sem fengið hafa nýskráningu sl. 12 mánuði eða á síðasta almanaksári, allt að 100 ökutæki, hvort sem hærra er.
Hópbifreið (M2/M3), vörubifreið (N2/N3) og eftirvagn (O2/O3/O4), framleitt á fleiri en einum stað (e. <i>completed vehicle/multi-stage approval</i>)	18 mánuðir	
Bifhjól, framleitt fullgert á einum stað (e. <i>complete vehicle</i>)	24 mánuðir	Annað hvort 10% af fjölda þeirra ökutækja sömu gerðar sem fengið hafa nýskráningu sl. 24 mánuði eða síðustu tveimur almanaksárum, allt að 100 ökutæki, hvort sem hærra er.
Bifhjól, framleitt á fleiri en einum stað (e. <i>completed vehicle/multi-stage approval</i>)	30 mánuðir	
Dráttarvél, framleitt fullgert á einum stað (e. <i>complete vehicle</i>)	24 mánuðir	Annað hvort 10% af fjölda þeirra ökutækja sömu gerðar sem fengið hafa nýskráningu sl. 24 mánuði eða síðustu tveimur almanaksárum, allt að 100 ökutæki, hvort sem hærra er.
Dráttarvél, framleitt á fleiri en einum stað (e. <i>completed vehicle/multi-stage approval</i>)	30 mánuðir	